



Hreppsnefnd 7. sept. 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps fimmtudaginn 7. sept. 2000

kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fund, síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhepps frá 13. júlí 2000. Farið var yfir fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða að því loknu.

2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 24. ágúst sl. Fundargerðin kynnt. Spurt var um smíðastofuna, og hversvegna dregist hefur að koma henni í kennsluhæft ástand. Aðalbjörn upplýsti að handavinnukennarinn hefði verið í fríi og því hafi það tafist.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 30. ágúst sl. 3. mál. Vegagerð ríkisins framkvæmdaleyfi á Norð-austurvegi, sem var samþykkt hjá bygginganefnd. Hreppsnefnd samþykkir að ítreka að búið verði að leggja veginn bundnu slitlagi eigi síðar en haustið 2001.

4. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 23. ágúst sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. mál. Flugsamgöngur til og frá Vopnafirði, útboð. Lögð voru fram drög að útboðslýsingu fyrir sjúkra- og áætlunarflugi til Vopnafjarðar og víðar en þar var gert ráð fyrir að fljúga einungis 4 sinnum í viku til Vopnafjarðar. Einnig var lagt fram bréf sveitarstjórans til samgönguráðuneytisins með ábendingum og sjónarmiðum Vopnafirðinga um þörfina fyrir góðum og reglubundnum flugsamgöngum til Vopnafjarðar. Samþykkir hreppsnefndin að kefjast þess að ekki verði minni þjónusta en nú er í flugsamgöngum til Vopnafjarðar og felur sveitarstjóra og oddvita að ítreka það sjónarmið.

6. mál. Bréf dags. 11. ágúst sl. frá ábúendum Einarstaða. Bréf barst frá ábúendum Einarstaða þar sem farið er fram á að hreppsnefndin styrki þau með 30 – 40 þús. kr. framalagi á mán. en á móti bjóðast þau til að koma börnum sínum í og úr skóla. Eftir miklar umræður um erindið var samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

7. mál. Bréf dags. 11. ágúst frá Þórunni Egilsdóttur. Í bréfinu fer Þórunn fram á að henni verði greiddur aksturstyrkur til og frá skóla. Samþykkt var að greiða henni 32 km. pr. vinnudag miðað við almennt km. gjald útgefið af ríkisskattstjóra.

8. mál. Umboð til launanefndar sveitarfélaga, vegna kennara. Hreppsnefnd samþykkir að veita launanefnd sveitarfélaga umboð til að semja við kennara.

9. mál. Bréf formanns Hofssóknar, frá 2. júlí. Í bréfinu er farið fram styrk til sóknanefndar vegna kristnitökuháttíðar á Vopnafirði. Samþykkt var að veita 20 þús. kr. styrk til sóknanna sameiginlega.

10. mál. Íbúðir Vopnafjarðarhepps leiga/sala. Sveitarstjóri skýrði frá hugmyndum um að selja eignir Vopnafjarðarhepps, svo sem íbúðarhúsnæði og jarðir. Samþykkt var að fela sveitarstóra að auglýsa til sölu húseignirnar Lónabraut 19, neðri hæð Hamrahlíð 15 og eignarhluta hreppsins í Austurborg.

11. mál. Vopnafirðingar virkja, framvinda. Sveitarstjóri skýrði frá því að 5 aðilar hefðu verið ráðnir til að safna upplýsingum og hugmyndum um atvinnustarfsemi, í samvinnu við Þróunarstofu

Austurlands. Atvinnustarfsemi sem byggir á auðlindum lands og sjávar, þekkingu og tækni, menningu og ferðaþjónustu, iðnaði og verslun.

Skilum á að vera lokið 5. september. Lagt fram minnisblað frá Þróunarstofu Austurlands. Ráðgert er að undirbúningsfundur verði haldinn 14. sept.nk.

12. mál. Ýmsar fundargerðir:

a) Fundargerð skólaskrifstofu Austurlands frá 14. júlí sl..

b) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 12. júlí sl.

c) Tillögur samþykktar á aðalfundi SSA dagana 31. til 1. sept. sl.

Þar var jafnframt samþykkt að næsti aðalfundur SSA haustið 2001 verði haldinn á Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.